

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. nóvember 2012
Tilvísun: UST20121000176/bs

Kísilkarbíðverksmiðja á Bakka. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir: Varðandi útblástur telur stofnunin að varðandi ryk eigi að gera grein fyrir rykmyndun við vinnslu annars vegar og hins vegar við meðhöndlun efna s.s. við uppskipun og flutning. Gera þarf grein fyrir hversu mikið ryk fer upp um rjáfur og hvort unnt sé að hreinsa ryk sem fer um rjáfur, t.d. með afsogi. Varðandi efnistöku vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Bakka telur Umhverfisstofnun að sveitarfélagið Norðurþing eigi að beita sér fyrir því að kannaðir verði mögulegir efnistökuastaðir í þeim tilgangi að beina efnistöku í fáar en stórar námur.

Umhverfisstofnun telur að hafa þurfi í huga að áætlaður er margvíslegur iðnaður á svæðinu með tilheyrandi mengun og því ætti að mati stofnunarinnar að skoða í frummatsskýrslu hvaða hugsanleg samlegðaráhrif verksmiðjan með öðrum iðnaði gæti haft í för með sér.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson